



Reykjavík, 10. mars 2026
USK25110025 (HS)

Klapparstígur 1 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa vegna breytinga á gluggum.

Lögð fram fyrirspurn K16 ehf., dags. 3. nóvember 2025, um að breyta hornluggum í húsinu á lóð nr. 1 við Klapparstíg, samkvæmt skissu, ódags. Einnig er lögð fram ljósmynd.



Loftmynd og kort af Klapparstíg 1 og nágrenni



Séð á norður- og austurhlíð Klapparstígs 1 frá Sæbraut.

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi er lóðin staðsett á miðborgarsvæði (M1c), blönduð miðborgarbyggð - íbúðir.

Í gildi er deiliskipulag, Skúlagötusvæðið, samþykkt 13. maí 1986 með síðari breytingum.

Umsögn

Klapparstígur 1 er steinsteypt 11 hæða fjölbýlishús með kjallara, byggt árið 1990 eftir teikningum Guðna Pálssonar arkitekts.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa um breytingu á útskotsgluggum.

Þann 21. júní 2024 var lögð inn byggingarleyfisumsókn vegna breytingar á útskotsgluggum.

Aðaluppdrættir voru samþykktir á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þann 23. júlí sama ár.

Þann 29. júlí 2024 var gefinn út gátlisti byggjanda vegna útgáfu á byggingarleyfi.

Umsækjandi hefur ekki brugðist við þeim lista og því hefur ekki verið hægt að gefa út byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni. Skorað er á umsækjanda að skrá byggingarstjóra á verkið og fá byggingarleyfið formlega út gefið og panta síðan lokaúttekt í framhaldinu. Þetta þarf að gerast innan 2 ára frá því aðaluppdrættir voru samþykktir.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd fyrir breytingunni.
- Umsækjandi þarf að skrá byggingarstjóra á framkvæmdina fyrir 23. júlí nk.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Hrafnhildur Sverrisdóttir
arkitekt FAÍ og verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík